

Mánudaginn 5. apríl 1993.

Nr. 128/1993. **Ragnar Ragnarsson**

gegn

Féfangi hf. og

Olíuverslun Íslands hf.

Kærumál. Nauðungarsala. Úthlutun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kærubréfi, er mótttekið var við Héraðsdóm Reykjaness 11. mars 1993. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og synjað um breytingar á frumvarpi sýslumannsins í Keflavík um úthlutun söluandvirðis fasteignarinnar Austurgötu 12 í Keflavík. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili styður kröfu sína til hlutdeildar í söluandvirði fasteignarinnar Austurgötu 12 við tryggingarbréf það, sem lýst er í hinum kærða úrskurði. Hefur hann ekki sýnt fram á neina víxilskuld, er tryggt gæti verið með veðrétti samkvæmt ákvæðum tryggingarbréfsins. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar og dæma sóknaraðila til greiðslu kærumálskostnaðar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ragnar Ragnarsson, greiði varnaraðilum, Féfangi hf. og Olíuverslun Íslands hf., sameiginlega 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 25. febrúar 1993.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 11. febrúar sl. að loknum munnlegum málflutningi, var þingfest 18. janúar sl.

Sóknaraðilar eru Féfang hf., Reykjavík, og Olíuverslun Íslands hf.,

Reykjavík. Varnaraðili er Ragnar Ragnarsson, kt. 060448-5159, Drangavöllum 8, Keflavík.

Sóknaraðilar krefjast þess, að úthlutun til varnaraðila samkvæmt 6. tl. frumvarps að úthlutunargerð vegna Austurgötu 12, Keflavík, verði felld niður. Málskostnaðar úr hendi varnaraðila er krafist að mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar á úthlutun til sín samkvæmt 6. tl. frumvarps að úthlutunargerð vegna uppboðs á Austurgötu 12, Keflavík.

I.

Fasteignin Austurgata 12, Keflavík, þinglýst eign Þorsteins Árnasonar, var seld á nauðungarsölu 7. október 1992. Hæstbjóðandi var varnaraðili máls þessa. Söluverð var 10.000.000 krónur.

Frumvarp að úthlutunargerð er dags. 18. nóvember 1992, og samkvæmt 6. tl. frumvarpsins var gert ráð fyrir greiðslu til varnaraðila, að fjárhæð 2.367.567 kr., vegna veðbréfs á 3. veðrétti, út gefins 6. febrúar 1986. Samkvæmt frumvarpinu skyldi afmá fjárnám varnaraðila af eigninni, en fjárnám Olíuverslunar Íslands hf., dags. 24. janúar 1989, hvíldi á 4. veðrétti og fjárnám Félags hf., dags. sama dag, á 5. veðrétti. Kröfulýsing Olíuverslunar Íslands hf. í uppboðsandvirði Austurgötu 12 frá 5. október 1992 er að fjárhæð 1.789.242 kr. og kröfulýsing Félags hf., dagsett sama dag, að fjárhæð 1.190.535 krónur.

Framangreindu frumvarpi vegna Austurgötu 12 var breytt 4. desember 1992, og fól breytingin í sér, að því er úthlutun skv. 6. tl. varðar, að greiðsla til varnaraðila lækkaði í 1.758.942 kr. Þessari breytingu hefur ekki verið mótmælt.

Veðbréf samkvæmt 6. tl. úthlutunargerðarinnar er tryggingarbréf vegna víxils, að fjárhæð 3.000.000 kr. Í texta tryggingarbréfsins er víxillinn sagður án tilgreinds gjalddaga og hvorki bera vexti né dráttarvexti.

Varnaraðili hefur ekki lagt frumrit framangreinds víxils fram. Sóknaraðilar hafa hins vegar lagt fram myndrit, sem sagt er af víxlinum. Hann er út gefinn 6. febrúar 1986 og að fjárhæð 3.000.000 kr. Gjalddagi er við sýningu og greiðslustaður í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Vixillinn er samþykktur af Þorsteini Árnasyni, en útgefandi ekki tilgreindur.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila eru þau, að varnaraðili hafi ekki lagt fram frumrit af víxli þeim, sem vitnað sé til í tryggingarbréfinu frá 6. febrúar 1986. Þegar af þeirri ástæðu eigi hann ekki rétt til úthlutunar af uppboðsandvirðinu, enda sé í tryggingarbréfinu ekki að finna neina skírskotun til annarra skulda en samkvæmt tilgreindum víxli.

Sóknaraðilar hafa lagt fram í málinu myndrit af víxli, sem borist hafi þeim fyrir milligöngu umboðsmanns uppboðspóla. Ljóst sé, að myndritið af víxli samkvæmt tryggingarbréfinu frá 6. febrúar 1986 og sá víxill enn

ógreiddur, myndi skuld samkvæmt honum ekki fást greidd af uppboðs- andvirði. Fyrir því séu eftirgreind rök:

1. Útgefandi sé ekki tilgreindur á „vixilskjalinu“. Skjalið teljist því ekki víxill í skilningi 1. gr. víxillaga nr. 93/1933, og hafi víxilkrafa samkvæmt tryggingarbréfinu því ekki stofnast. Þegar af þeirri ástæðu gæti ekki komið til greiðslu samkvæmt tryggingarbréfinu, enda sé það, eins og að framan greinir, bundið við tilgreinda víxilkröfu.

2. Jafnvel þótt talið yrði, að skjalið væri formlegur víxill, sé ljóst, að víxilkrafan á hendur samþykkjanda væri fyrnd og veitti því ekki rétt til úthlutunar með tryggingarbréfinu. Sýningarvixil beri að sýna, áður en ár er liðið frá útgáfudegi. Lokafrestur til sýningar umrædds víxils hefði því verið 6. febrúar 1987. Fyrningarfrestur á víxilskuld Þorsteins Árnasonar samkvæmt 1. mgr. 70. gr. víxillaga hefði reiknast frá lokadegi sýningarfrests samkvæmt 53. gr. og víxilkrafan því verið fyrnd 6. febrúar 1990.

Ljóst sé, að framangreindar röksemdir undir tl. 1-2 skipti ekki máli um niðurstöðu máls þessa, nema frumrit umrædds víxils komi í dagsljósið, en hins vegar sýni þær, með hvaða hætti málátalbúnaður varnaraðila sé.

Í málflutningi hélt lögmaður sóknaraðila því fram, að allar líkur væru til, að myndrit af víxli þeim, sem hann hafi lagt fram í málinu, væri myndrit af þeim víxli, sem stæði á bak við tryggingarbréfið. Höfuðstóll og útgáfudagur væri hinn sami og tilgreindur væri í tryggingarbréfinu. Auk þess hafi umboðsmaður uppboðspola sent lögmanninum myndrit af víxlinum, þegar hann leitaði eftir víxli þeim, sem tilgreindur væri í tryggingarbréfinu.

Þá benti lögmaður sóknaraðila einnig á í málflutningi, að í kröfulýsingu varnaraðila 6. október sl. væri tekið fram, að tryggingarbréfið væri til tryggingar víxilskuld, að fjárhæð 3.000.000 kr.

Málsástæður varnaraðila eru þær, að í tryggingarbréfinu sé kveðið skýrt á um það, hvaða skuld það eigi að tryggja. Samkvæmt því eigi tryggingarbréfið að tryggja skuld, að fjárhæð 3.000.000 kr. Í beinu framhaldi af þessari lýsingu segi: „..... vegna víxils, sem samþykktur er af veðsala til handhafa. Vixillinn er án tilgreinds gjalddaga og ber ekki vexti né dráttarvexti“. Meginefni þessarar lýsingar sé um skuld að ákveðinni fjárhæð. Vísað sé til víxils, sem veðsali, þ. e. Þorsteinn Árnason, hafði samþykkt til handhafa. Það segi ekkert um, hversu hár vixillinn hafi verið. Einungis sé tekið fram, að vixillinn sé án tilgreinds gjalddaga og beri ekki vexti né dráttarvexti.

Samkvæmt þessu sé fremur verið að vísa til þess, að verið sé að tryggja skuld, sem risið hafi af víxli, og að sú skuld skuli aldrei vera hærrí en nemi 3.000.000 kr., en ekki, að verið sé að veðtryggja sérstakan víxil. Myndrit af víxli, samþykktum af Þorsteini Árnasyni, sem sóknaraðilar, en ekki varnaraðili, hafi lagt fram á uppboðsþingi, hafi enga þýðingu í málinu.

Þorsteinn Árnason hafi staðið í umfangsmiklum atvinnurekstri árið 1986 og samþykkt marga víxla. Samkvæmt myndritinu sé áritað á víxilblaðið, að gjalddagi sé við sýningu. Löglíkur séu því til þess, að myndritið sé ekki af víxli þeim, sem getið sé um í tryggingarbréfinu. Myndritið sé komið frá umboðsmanni uppboðsaðila, eins og segi í greinargerð sóknaraðila, og máli þessu því óviðkomandi.

Í texta tryggingarbréfsins sé ekki verið að lýsa ákveðið tilgreindum víxli, heldur skuld að ákveðinni fjárhæð.

Skuldin á bak við tryggingarbréfið standi ennþá. Útgefandi tryggingarbréfsins, Þorsteinn Árnason, hafi ekki mótmælt henni, enda tryggingarbréfinu ekki verið aflýst.

Með tryggingarbréfinu hafi stofnast sérstakt réttarsamband milli handhafa þess og veðpola. Þeir hefðu getað samið sín á milli um, hvers konar skuld stæði á bak við bréfið, án þess að rýra á neinn hátt veðrétt síðari veðhafa, þar sem tryggingarbréfið hafi einungis verið til tryggingar ákveðinni hámarksupphæð, sem ekki hafi borið vexti eða dráttarvexti. Hvort sem tryggingarbréfið hafi verið til tryggingar víxilskuld eða almennri kröfu, er ljóst, að sú krafa hafi verið í fullu gildi, þegar aðfarargerð sóknaraðila hafi stofnast og verið þinglýst. Uppfærsluréttur samkvæmt þeim aðfararveðum hafi aldrei getað komið til, nema tryggingarbréfið hefði verið greitt upp.

Fyrir dóminn kom sem vitni Sigurður Jakob Halldórsson, kt. 130353-7469, Austurgötu 10, Keflavík. Hann samdi umrætt tryggingarbréf. Hann hafi á þessum tíma rekið bókhalds- og ráðgjafarþjónustu. Uppboðspoli hafi leitað eftir aðstoð hans við að útbúa tryggingarbréf, þar sem hann stæði í skuld við varnaraðila. Tryggingarbréfið hafi ekki verið útbúið til tryggingar ákveðnum víxli. Vixillinn hafi aðeins verið tilgreindur til að koma skjalinu í lögmætt form, svo að það væri tækt til þinglýsingar. Hann hafi stuðst við formálabók við samningu skjalsins. Hann minnti, að það kæmi fram í formálabókinni, að nauðsynlegt væri að tilgreina víxil í tryggingarbréfi, svo að það væri í lögmætu formi. Fram kom hjá Sigurði, að hann var meðskuldari með Þorsteini Árnasyni vegna kröfu sóknaraðila Félags hf. í máli þessu.

II.

Frumrit tryggingarbréfs þess, er varnaraðili reisir kröfugerð sína á, liggur frammi í máli þessu. Samkvæmt því veðsetti uppboðspoli, Þorsteinn Árnason, fasteignina Austurgötu 12, Keflavík. Samkvæmt ákvæðum tryggingarbréfsins var það til tryggingar sýningarvíxli, samþykktum til handhafa.

Í kröfulýsingu varnaraðila frá 6. október 1992 hjá sýslumanninum í Keflavík er kröfunni lýst þannig, að um sé að ræða skuld skv. víxli. Síðan

hefur aftur á móti komið fram, að svo var alls ekki. Enginn víxill var gefinn út í tilefni útgáfu tryggingarbréfsins, heldur stóð til, að bréfið tryggði skuld Þorsteins við varnaraðila, að fjárhæð 300.000 kr. Þorsteinn hafi staðið í skuld við varnaraðila, m. a. vegna veiðarfærakaupa. Af þessu má ráða, að uppboðspoli hafi í raun ætlað að útbúa skuldabréf, þótt bréfið beri annað heiti. Víxillinn hafi verið tilgreindur í bréfinu, en með því móti taldi aðstoðarmaður uppboðspola, að bréfið væri í lögmætu formi.

Þar sem ákveðinn víxill er tilgreindur í umræddu bréfi, verður ekki fallist á með varnaraðila, að unnt sé að fella aðra viðskiptaskuld undir bréfið. Ber því að taka kröfur sóknaraðila til greina. Eftir þessari niðurstöðu ber varnaraðila að greiða sóknaraðila málskostnað, sem hæfilega þykir ákveðinn 50.000 kr.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa sóknaraðila um, að úthlutun til varnaraðila samkvæmt 6. tl. frumvarps að úthlutunargerð vegna Austurgötu 12, Keflavík, verði felld niður, er tekin til greina. Varnaraðili greiði sóknaraðila 50.000 kr. í málskostnað.
